

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 154/2016**

2018/EES/16/21

frá 8. júlí 2016

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 frá 24. júní 2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56ha (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5haa. **32013 R 0611**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 frá 24. júní 2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti (Stjtúð. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 2).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 611/2013, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 <sup>(2)</sup> inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtúð. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 2.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtúð. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1.